



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða



VÍKURFRÉTTIR

FIMMTUDAGUR 28. DESEMBER 2023 // 48. TBL. // 44. ÁRG.



Héldu hátíðleg
jól í Grindavík

Síða 8



Körfubolta-
ævintýri á
Tenerife

Síða 12



Sjónarspil

Það var mikið sjónarspil þegar eldgos hófst í Sundhnúkaágaröðinni norðan Grindavíkur að kvöldi mánudagsins 18. desember síðastliðinn. Upphaf eldgossins var gríðarmikið og það langstærsta af þeim fjórum eldgosum sem nú hafa orðið á Reykjaneskaga frá 19. mars 2021. Gossprungan varð fljótlega um 3.800 metra löng og eldsúlurnar náðu hátt til himins. Meðfylgjandi ljósmynd tók ljósmyndarinn Halldór Jónsson úr flygildi yfir byggðinni í Innri-Njarðvík fljótlega eftir að eldgosid braust út. Nánar er fjallað um eldgosid á síðu 4 í Víkurfréttum í dag.

Allt öðruvísi
en heima



Síða 14

HVER ER MAÐUR ÁRSINS 2023 Á SUÐURNESJUM?

Víkurfréttir hafa staðið fyrir vali Suðurnesjamanni ársins allt frá árinu 1990. Á síðasta ári var það Sigríður Pálína Arnardóttir, lyfjafræðingur í Reykjanesapóteki, sem hlaut nafnbótina. Nú er komið að vali Suðurnesjamanns ársins 2023. Ábendingum um verðuga einstaklinga til að hljóta nafnbótina „Suðurnesjamaður ársins 2023“ má senda á tölvupóstfangið vf@vf.is. Á vef Víkurfréttanna, vf.is, má sjá lista yfir menn ársins á Suðurnesjum frá 1990 til 2022.

Oftar en ekki
gleðilegt ár



Krambúðin

Starfsfólk Allt Fasteignasölu óskar ykkur velfarnaðar á nýju ári
og þakkar viðskiptin á árinu 2023.

ALLT

FASTEIGNASALA

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



Berglind Guðmundsdóttir var ánægð með nýja sjónvarpið sem hún vann þegar hún var dregin út í fyrsta útdrætti af þremur í Jólalukku VF.

Sara fékk sjónvarpið í lokaútdrættinum í Jólalukku VF



Mikael Davíð og Jónatan Örn, starfsmenn Netto í Krossmóa drógu út vinningshafa að viðstöddum fulltrúa VF og Netto og viðskiptavina. VF-mynd/pket.

Hörður fékk Lionsbílinn

Dregið var í Jólhappdrætti Lionsklúbbs Njarðvíkur að kvöldi Þorláksmessu að viðstöddum fulltrúa sýslumannsins á Suðurnesjum. Dregið var út seldum miðum og voru allir miðar seldir eða 3000 stk.

Hörður Harðarson fékk Lionsbílinn í ár, Kia Picanto Urban 2023 en hann var í fyrsta vinning í árlegu happdrætti Lionsklúbbs Njarðvíkur. Að venju hafa Lionsmenn samband við flesta vinningshafa strax að loknum útdrætti. Í ár var það Hörður Harðarson sem var svo heppin að vera með fyrsta vinning og fékk bílinn afhentan stuttu eftir útdrátt.

1. vinningur kom á miða nr. 2970 Kia Picanto Urban.
2. vinningur kom á miða nr. 1741 Iphone 15 pro.

3. vinningur kom á miða nr. 2105 Netto inneign á appi að verðmæti 150.000 kr.
4. vinningur kom á miða nr. 196 LG65" UHD smart tv.
5. vinningur kom á miða nr. 1644 LG65" UHD smart tv.
6. vinningur kom á miða nr. 1711 Nettó Inneignarkort að upphæð 100.000 kr.
7. vinningur kom á miða nr. 1327 LG55" UHD smart tv.
8. vinningur kom á miða nr. 413 Nettó inneignarkort að verðmæti 50.000 kr.
9. vinningur kom á miða nr. 197 Nettó inneignarkort að verðmæti 50.000kr.
10. vinningur kom á miða nr. 1978 Nettó inneignarkort að verðmæti 50.000 kr.

Þriðji og síðasti útdráttur í Jólalukku Víkurfrétta fór fram í Netto í Krossmóa á Þorláksmessu kl. 18. Sara Guðmundsdóttir, Borgarvegi 52 í Reykjanesbæ hlaut fyrsta vinning af þrjátíu og átta sem dregnir voru út. Alls voru dregnir út sextíu og tveir vinningar í þremur útdrættum, margir mjög veglegir en heildarverðmæti var á þriðju milljón króna. Vinningar á skafmiðum voru yfir sex þúsund. Nöfn allra vinningshafa úr útdrættum eru hér að neðan.

Víkurfréttir þakka öllum sem tóku þátt í Jólalukku VF 2023. Hér koma nöfn allra sem dregin voru út:

- Vinningshafar í þriðja útdrætti Jólalukku VF:**
1. Sara Guðmundsdóttir, Borgarvegi 52, Reykjanesbæ - Philips 65" UHK Smart TV
 2. Sindri Sólimann, Íshússtíg 14, Reykjanesbæ - Gisting á Dimond Suites og 3 rétta kvöldverður fyrir tvo
 3. Agata Latos, Skógarbraut 1111, Reykjanesbæ - 100.000 inneign í Samkaups appi
 4. Sonja Ósk Sverrisdóttir, Urðará 18, Reykjanesbæ - Hikoki borvél frá Húsasmíðjunni
 5. Ebba Gunnlaugsdóttir, Kirkjuvegi 11, Reykjanesbæ - 50.000 inneign í Samkaups appi
 6. Hafsteinn B. Hafsteinnsson, Hraunsvégi 23, Reykjanesbæ - Gisting og morgunverður fyrir 2 á Courtyard by Marriott í Reykjanesbæ
 7. Vilhelmina Hjálmarisdóttir, Dalsbraut 10, Reykjanesbæ - Lavor háþrýstidæla frá Múrbúðinni

- 15.000 inneign í Samkaupsappi:**
- Kristín Magnúsdóttir, Gígjuvöllum 14, Reykjanesbæ
 Kristinn Már Karlsson, Heiðarholti 42, Reykjanesbæ
 Paulo Renato, Grænásbraut 607, Reykjanesbæ
 Ína Gestsdóttir, Garðbraut 58, Suðurnesjabæ
 Hlynur Sigursveinsson, Einidal 5, Reykjanesbæ
 Brynja Pétursdóttir, Réttarholtsvegi 1, B, Suðurnesjabæ
 Nóa & Síríus konfektikassi frá Nettó:
 Hrefna Magnúsdóttir, Breiðhóli 19, Suðurnesjabæ
 Einar Örn, Garðbraut 19, Suðurnesjabæ
 Sigita Andrijauskieni, Brekkustíg 15, Reykjanesbæ
 Valdimar Eyjólfsson, Súltjörð 27, Reykjanesbæ
 Hafdís Kjartansdóttir, Efstaleiti 49, Reykjanesbæ
 Sigurlína Óskarsdóttir, Heiðarholti 38, Reykjanesbæ
 Sigurður G. Gestsson, Kjálalandi 2, Suðurnesjabæ
 Eiríkur Hermansson, Björk, Garði
 Lilja T. Þorsteinsdóttir, Heiðarvegi 6, Reykjanesbæ
 Þór. Snorrason, Bogabraut 961 A, Reykjanesbæ
 Lejon Þór Pattison, Heiðarbrún 3, Reykjanesbæ
 Ragnheiður Sölvadóttir, Heiðarvegur 25 A, Reykjanesbæ
 Hrafnhildur Bjarnadóttir, Fjöruklöpp 13, Suðurnesjabæ
 Þórdís Lára Herbertsdóttir, Hafdal 7, Reykjanesbæ
 Anna W. Cybulska, Holtsgötu 36, Reykjanesbæ
 Eygló Ýr Ævarsdóttir, Bogabraut 1, Reykjanesbæ
 Ingibjörg A. Bjarnadóttir, Eyjaholti 9, Suðurnesjabæ
 Ólafur Jónssobn, Silfurtúni 12, Suðurnesjabæ
 Jónína Samúelsdóttir, Tjarnargötu 20, Reykjanesbæ
 Ísak Örn Þórðarson, Heiðarbóli 27, Reykjanesbæ
 Hildigunnur Kristinsdóttir, Hæðargötu 10, Reykjanesbæ
 Arnór Vilbergsson, Suðurgarði 20, Reykjanesbæ

- Þórður Ragnarsson, Heiðarvegi 4, Reykjanesbæ
 Jón H., Gónhóli 11, Reykjanesbæ
 Hlökkver Kristinsson, Borg, Vogum.
 Laufey Vilmundardóttir, Baðsvellir 1, Grindavík

- Vinningshafar í öðrum útdrætti Jólalukku VF:**
1. Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Háaleiti 17, Reykjanesbæ - Delta hægindastóll frá Bústoð
 2. Harpa Mjöll Magnúsdóttir, Heiðarbrún 11, Reykjanesbæ - 100.000 inneign í Samkaups appi
 3. Þórunn Garðarsdóttir, Grænulaut 29, Reykjanesbæ - Kitchen Aid Artisan 95 hrærivél frá Nettó
 4. Sigurlaug Guðmundsdóttir, Nónvörðu 6, Reykjanesbæ - 50.000 inneign í Samkaups appi
 5. Gunnhildur Hilmarsdóttir, Ránarvöllum 16, Reykjanesbæ - Gisting og morgunverður fyrir 2 á Courtyard by Marriott í Reykjanesbæ

- 15.000 inneign í Samkaups appi:**
- Berglind Kristinsdóttir, Ásgarði 9, Reykjanesbæ
 Margrét Hegla Jóhannsdóttir, Ránarvöllum 16, Reykjanesbæ
 Benedikta Benediktsdóttir, Hafnargötu 23, Reykjanesbæ
 Jóhann Ingi Grétarsson, Þverholti 12, Reykjanesbæ
 Harpa Jóhannsdóttir, Vatnsholti 6, Reykjanesbæ
 Rut Jónsdóttir, Heiðarhorni 4, Reykjanesbæ
 Tinna Ösp Káradóttir, Heiðarbraut 5f, Reykjanesbæ.

- Vinningshafar í fyrsta útdrætti Jólalukku VF:**
- Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Ásgarði 7, Reykjanesbæ - Philips 65" UHK Smart TV
- Inga Sóllilja Arnórsdóttir, Norðurtúni 6, Reykjanesbæ - Kitchen Aid Artisan 95 hrærivél frá Nettó
- Elín Gunnarsdóttir, Grænulaut 3, Reykjanesbæ - 50.000 inneign í Samkaups appi
- Hanna Gróa Halldórsdóttir, Þórsvöllum 3, Reykjanesbæ - Íslandshótel gjafabréf á gistingu
- Þórunn Katla Tómasdóttir, Sunnubraut 12, Suðurnesjabæ - Reykjanes Optikk 30 þús. kr. gjafabréf
- 15.000 inneign í Samkaups appi:**
- Sólvi Snær Sigurðsson, Sæmundargata 21, Reykjavík
 Sveinn Þ. Jónsson, Móavöllum 4, Reykjanesbæ
 Benedikt Hjalti Sveinsson, Grænásbraut 1218, Reykjanesbæ
 Þorbjörg Guðmundsdóttir, Skógarbraut 1103, Reykjanesbæ
 Kristján E. Möller, Gónhóli 23, Reykjanesbæ
 Elísabet Guðmundsdóttir, Móavellir 2, Reykjanesbæ
 Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Heiðarhvammi 9, Reykjanesbæ.



Allt hreint
 Umhverfisvottuð rástingarpjónusta

HREINSUM
 RIMLAGARDÍNUR OG
 MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM
 SUÐURNES - REYKJAVÍK
 DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 **f** FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Það þarf fólk eins og þig fyrir fólk eins og mig
 Höfundur Rúnar Júl.

Elsti íbúi Suðurnesja látin

Elsti íbúi á Suðurnesjum, María Arnlaugsdóttir, lést 9. desember síðastliðinn, 102 ára gömul. María var fædd í Reykjavík 19. júní 1921 en flutti til Keflavíkur rúmlega tvítug. Systkinin voru átta. Helgi bróðir hennar varð 96 ára og margir muna eftir Guðmundi bróður hennar, skólameistara og skákfrumuði. María starfaði lengi í Sparisjóðnum í Keflavík og muna margir eftir henni þaðan. Hún hætti þar þegar hún var 73 ára. María komst í fréttirnar í Víkurfréttum 29. desember 2020 þegar hún fékk fyrst íbúa á Suðurnesjum sprautu fyrir Covid-19. Útför Maríu mun fara fram í kyrrþey.

Allt fyrir áramótaboðið!

Tilboðin gilda 28.–31. desember

Við óskum
landsmönnum öllum
gleðilegs nýs árs og
þökkum samfylgdina
á því liðna.



KJÖTBORD



32%

Lambalæri
2.094 kr/kg
3.079 kr/kg

Ostur vikunnar



20%

Ostar frá
Prima Donna

50%



Snittubrauð, steinbakað,
340 g
239 kr/stk
479 kr/stk

Snowflake icon




Heill kalkúnn, erlendur
1.799 kr/kg

Opið 31. des

Krossmói
Opið 10–15

Iðavellir
Opið 10–15



Safnaðu
inneign og
fáðu betra
verð með
appinu



netto

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Eldveggurinn varð lengstur um 3.800 metra langur yfir Sundhnúkagigaröðinni. Svona var útsýnið að gosstöðvunum frá Reykjanesbæ nokkrum mínútum eftir að eldgosíð hófst. VF/JPX

STÓRT GOS Í STUTTAN TÍMA

■ Land hóf þegar að rísa að nýju undir Svartsengi og líkur á eldgsosi aukast með hverjum deginum.

Eldgos sem hófst að kvöldi mánudagsins 18. desember var gríðarstórt þegar það hófst en stóð í stuttan tíma. Eldgosíð hófst kl. 22:17 nærri Hagafelli í kjölfar jarðskjálftahrinu sem hófst um einni og hálfri klukkustundu áður. Gosprungun lengdist hratt og um tíma var eldveggurinn um 3.800 metra langur yfir kvikuganginum sem myndaðist í miklum hamförum 10. nóvember. Hæstu gosstrókar náðu um tíma hátt í 100 metra hæð en gosíð var á svokallaðri Sundhnúkagigaröð. Eldgosíð var mjög tillkomumikið, og jafnframt ógnvekjandi að sjá frá Reykjanesbæ og Vogum. Eldveggurinn reis hátt og himininn var logandi rauður.

Magn gosefna var einnig mikið og margfalt meira en í fyrri gosum á Reykjaneskaga á síðustu árum.

Fjórum klukkustundum eftir að eldgosíð hófst var farið að draga talsvert úr krafti þess. Daginn eftir voru gosin fimm talsins og fækkaði fljótt niður í tvö. Að morgni 21. desember var svo staðfest að slökknad hafði í gígunum og aðeins væri glóð sjáanleg í hrauninu.

Eldgosíð staðfesti ótta vísindamanna um að það gæti orðið skammur fyrirvari á eldgsosi úr kvikuganginum. Þannig liðu ein-göngu 90 mínútur frá því fyrsta fyrirboða eldgossins varð vart og þar til gos hófst.

Strax eftir að eldgosíð þann 18. desember hófst varð aftur vart við að land færi að rísa undir Svartsengi. Landið seig mun minna við gosíð núna en þegar kvikugangurinn varð til þann 10. nóvember.

Land heldur áfram að rísa við Svartsengi og er hraðinn mjög svipaður og var fyrir eldgosíð 18. desember. Þetta þýðir að kviku-söfnun heldur áfram undir Svartsengi, og eru líkur á að það leiði til annars kvikuhlaups og einnig eldgoss. Líkanreikningar benda til

þess að um ellefu milljónir rúmmetra af kviku hafi farið úr kvikuhólfinu undir Svartsengi og inn í kvikuganginn sem myndaðist þann 18. desember og endaði í eldgsosi. Miðað við núverandi hraða á landrísinu mun taka um tvær vikur fyrir sama rúmmál að safnast í kvikuhólfið. Mikil óvissa er þó um hvenær þrýstingur í kvikuhólfinu verður nógu hárt til að koma af stað nýju kvikuinnskoti.

Veðurstofa Íslands segir rétt að benda á að kvikugangurinn sem myndaðist 10. nóvember náði um 15 km leið, frá Kálfafellsheiði í norðri og út í sjó suðvestan við Grindavík. Þetta þýðir að kvika hafi náð undir allt svæðið. Líklegasta upptakasvæði fyrir næsta eldgos er þó á milli Stóra-Skógfells og Hagafells. Áfram eru líkur á eldgsosi sem aukast með hverjum deginum sem líður.

Gista í Grindavík á eigin ábyrgð

Frá því á Þorláksmessu hafa Grindvíkingar haft heimild til að dvelja í Grindavík allan sólarhringinn. Hættumatskort Veðurstofu Íslands hefur gildistíma til kl. 18 þann 29. desember og gildir heimild



Svona var umhorfs á gosstöðvunum norðan við Grindavík þriðjudaginn 19. desember. VF/Ingibergur Þór Jónsson

Grindavíkinga til að vera heima í Grindavík til sama tíma. Það getur þó breyst með skömmum fyrirvara, breytist hættumat Veðurstofunnar. Sérstaklega er þó ítrekað af lög-reglu að;

Eldgos getur hafist nágrenni Grindavíkur með stuttum fyrirvara.

Erfitt getur reynst að tryggja öryggi þeirra sem dvelja eða gista inni á hættusvæði. Þeir sem fara inn á merkt hættusvæði gera það á eigin ábyrgð.

Viðbragð björgunarsveita er áfram skert. Engin björgunarsveit verður í Grindavík. Kallið eftir aðstoð með því að hringja í 112.

Hefjist gos í eða við Grindavík verða send út sms skilaboð á gsm síma inn á svæðinu með þessum texta:

RÝMING RÝMING! Yfirgefið svæðið hratt og örugglega, hringið í 112 ef ykkur vantar aðstoð. RÝMING RÝMING. EVACUATE! Leave the area quickly and safely, call 112 if you need help.

Lögregla sinnir eftirliti í og við Grindavík eins og verið hefur allan sólarhringinn.

Liðsmenn björgunarsveitarinnar í Grindavík eru dreifðir um landið og ekki til staðar í bænum.

Mögulegar flóttaleiðir: Nesvegur, Suðurstrandarvegur, Grindavíkurvegur.

NÁTTÚRUVÁ

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Ýmislegt sem þarf að vera til staðar í Grindavík fyrir eðlilegt líf

■ Grindvíkingar fengu 70 íbúðir fyrir jóla og fleiri í farvatninu

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, sagði á upplýsingafundi vegna náttúruhamfara við Grindavík sem haldinn var fyrir jóla, að áfram sé töluverð óvissa með búsetu í Grindavík næstu vikur með þessa stöðu sem er uppi núna. Þar sagði Katrín einnig að það væru húsnæðismál sem hvíldu hvað þungst á íbúum Grindavíkur.

Lagt verður fyrir Alþingi þegar það kemur úr jólaeyfi að húsnæðisstuðningur, sem samþykktur hafði verið til þriggja mánaða, verði framlengdur út veturinn.

Leigufélagið Briet hefur keypt áttatíu íbúðir og af þeim voru sjötíu íbúðir tilbúnar til afhendingar fyrir jóla. Afgangurinn, tíu íbúðir, verða tilbúnar á fyrstu dögum nýs árs. Leigufélagið Bjarg hefur fest kaup á níu íbúðum og er reiknað með að þær verði komnar í notkun fyrir áramót.

Katrín sagði að brýn þörf er fyrir sjötíu íbúðaeiningar og þetta mun því mæta þeirri þörf. Hún sagði þetta þó ekki breyta því að töluverðu hópur er í húsnæði sem er óvissa um og unnið verði milli jóla og nýárs í að skoða þau mál.

Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík, sagðist á upplýsingafundinum fagna áformum um að úrræði ríkisvaldsins til stuðnings Grindvíkingum yrðu framlengd fram á vorið.

Fannar sagði að ýmislegt ætti eftir að gera áður en Grindvíkingar fara aftur heim til Grindavíkur, þegar opnað verði á þann möguleika. Nú væri unnið eftir



því skipulagi að skólahald standi út skólaárið þar sem börnin eru í skóla í dag og það er víða um land. Það skiptir líka máli að grindvískir kennarar sem eru að kenna þessum börnum geta ekki snúið til baka til Grindavíkur stax.

Það er ýmislegt sem þarf að vera til staðar í Grindavík svo hægt sé að tala um að ástandið sé orðið venjulegt fyrir íbúana að dvelja þar.

Í Grindavík þarf að ljúka vinnu við ýmsa stóra innviði eins og fráveitu og kalt vatn. Einnig er unnið við hitaveitu og fjarskipti. Það gangi allt vel en lítið megi út af bregða svo röskun verði á þessum málum. Veitukerfið er ennþá laskað á einhverjum stöðum en unnið er í öllum kerfum um þessar mundir.

Þá sagði Fannar að Grindavík-urvegur þurfi að vera í góðu lagi. Vetrarþjónusta á vegum til og frá Grindavík þarf að vera í góðu lagi til að tryggja örugga rýmingar-getu, komi til hennar.

Þá þarf að girða af sprungur og fylla upp í þær. Sprungur leynast víða. Þá þurfa að vera viðeigandi hættumerkingar.

Fannar sagði að opin svæði og leikvellir þurfa að vera örugg. Þá þarf að vera til staðar þjónusta viðbragðsaðila ef á þarf að halda.

Engin þjónusta er til staðar í Grindavík sem stendur. Öll opin-ber þjónusta er starfrækt utan Grindavíkur og kemur ekki aftur til bæjarins fyrr en öruggt er að vera þar. Þá er önnur þjónusta og verslun mjög takmörkuð í bæjarfélaginu.

Þá kom fram í máli Fannars að ein athöfn hafi farið fram í Grindavíkurkirkju á dögnum. Það var útför sem fram fór í kyrriþey og var fámenn athöfn.

Þá kom fram í máli Fannars að verið er að vinna í tjónamálum alla daga og m.a. verið að undirbúa að ljúka málum þar sem alþjón varð. Öryggi bygginga þarf að vera yfirfarið. Það hefur staðið yfir mjög mikil vinna á vegum Náttúruhamfaratryggingar Íslands og Grindavíkurbæjar að meta húsnæði og skemmdir á mannvirkjum.



Reykjanes Optikk

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegrar hátíðar



Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Tímamantanir í síma 420-0077 og á heimasíðu www.reykjanesoptykkk.is
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanesoptykkk.is

Afgreiðslutími yfir áramótin

31. des. Gamlársdagur

Opið 24/7

1. jan. Nýársdagur

Opið 24/7



7999 kr. stk.

Tom Smith Crackers 8pk



Verð frá **199** kr.

Partý Gló Vörur



5 fyrir 4*

Frosnar pizzur, allar teg.

*Fáðu pizzuna á lægsta verðinu frítt



2999 kr. stk.

Rodeo Joe's Jalapeno
1,2kg



2499 kr. stk.

Joe's Mozzarella Sticks 1,2kg



3699 kr. stk.

Quality Street Tin 1,93kg

Á meðan birgðir endast

EXTRA
||| ||| ||| ||| ||| ||| ||| |||

OPIÐ 24/7

HAFNARGATA 51, 230 KEFLAVÍK

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



S F A F A A R Ö F S Y L B S Á
 U E L I L M A H A Ú A R G R A
 N K A S S M E G A N P A A Ó R
 D A S K S F Ó Ú D T A M G R U
 H N A U Ð U H R A S Ó Ó R Á Ð
 N A D R S B I P G T Æ J A R R
 Ú L L B G S Ú M A P M L G A A
 K G E L D G O S R Ú A H N M G
 A E G Á T A K A G R O G I Ó R
 G R U S B A R R A G R A G T A
 Í G L Æ U Ó I É T S A N G I N
 G Ö F P H B N I R A D D Y N R
 A L I G Ó P U Æ G S T É R H A
 R Ð É S B T A M A N Ó J T M V
 G T I E V S R A N U G R Ö J B

ÁRAMÓTASKAUPIÐ
 BJÖRGUNARSVEIT
 FLUGELDASALA
 RAUNIR
 LANDRIS
 ELDGOS
 VARNARGARÐUR
 TJÓNAMAT
 TRYGGINGAR
 SUNDHÚKAGÍGAR

LÖGREGLAN
 YDDARI
 RÁÐ
 BLYSFÖR
 DAGAR
 GARGAR
 HEFÐ
 FISKUR
 HLJÓMAR
 ÁRAMÓTIN

Gangi þér vel!

Þorbjörn hvílir björgunarsveitarfólk og selur enga flugelda

Björgunarsveitin Þorbjörn hefur ákveðið að selja enga flugelda þessi áramótin en flugeldasalan hefur verið langstærsta fjárfloflun sveitarinnar síðustu áratuginna og algjör lykilkpáttur í rekstri hennar.

„Á seinni hluta ársins 2023 höfum við tekist á við stærstu gróðurelda á Íslandi, rýmingu Grindavíkur í kjölfar jarðskjálfta og svo tvö eldgos auk annarra hefðbundinna verkefna björgunarsveita. Við teljum það ekki forsvaranlegt að leggja meiri vinnu á okkar félags-



menn og tímabært að hvíla mannskapinn fyrir komandi verkefni, hver svo sem þau kunna að verða. Að baki eru þúsundir vinnustunda í þessum verkefnum við erfiðar og skrítnar aðstæður og verður hvíldin því kærkomin,“ segir í tilkynningu frá björgunarsveitinni.

Þeir sem vilja styrkja sveitina með millifærslu geta lagt inn á eftirfarandi reikning

Bankanúmer: 0143 26 8665

Kennitala: 5912830229

Fyrir alla sem hyggja á flugeldakaup þá hvetur Björgunarsveitin Þorbjörn eindregið til þess að keyptir verða flugeldar hjá björgunarsveitum á Suðurnesjum. Þessar sveitir hafa staðið þétt við bakið á Þorbirni alla tíð. Eftirfarandi björgunarsveitir munu taka vel á móti ykkur á sölustöðum sínum sem opna þann 28. desember:

Björgunarsveitin Skyggfir, Vogum, Björgunarsveitin Suðurnes, Reykjanesbæ, Björgunarsveitin Sigurvon, Sandgerði og Björgunarsveitin Ægir, Garði

„Að lokum viljum við þakka fyrir allan stuðninginn síðustu vikurnar en fjöldi fyrirtækja og einstaklinga hafa lagt okkur lið sem er ómetanlegt,“ segir í tilkynningu frá félögum í Björgunarsveitinni Þorbirni.

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á



Guðlaug Rakel skipuð forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hefur skipað Guðlaugu Rakel Guðjónsdóttur forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja til fimm ára, frá 1. mars 2024. Lögskipuð hæfnisnefnd sem metur hæfni umsækjenda um stöður forstjóra mat Guðlaugu Rakel mjög vel hæfa til að gegna embættinu.

Guðlaug Rakel er hjúkrunarfræðingur að mennt. Hún er einnig með meistaranám í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands (HÍ) og hefur jafnframt lokið ýmsum námskeiðum í lýðheilsuvísindum innan læknaeildar HÍ í tengslum við doktorsverkefni sem hún vann að um faraldsfræði notenda bráðamóttaka.



Í umsögn hæfnisnefndar er m.a. bent á mikla og fjölbætta reynslu Guðlaugar Rakelar af rekstri og stjórnun með umfangsmiklum mannaforráðum þar sem m.a. hefur reynt á fjármálaumsýslu og áætlanadgerð. Hún hafi í störfum sínum öðlast viðtæka þekkingu á opinberri stjórnsýslu og fjármálum hins opinbera. Enn fremur hafi hún gegnt leiðandi hlutverkum við stefnumótun og innleiðingu nýjunga í heilbrigðisþjónustu með góðum árangri. Það er mat hæfnisnefndar að Guðlaug Rakel hafi afburða leiðtogaþæfileika, framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum með áherslu á árangursmiðað samstarf og sé mjög vel hæf til að gegna embættinu.

Guðlaug Rakel hefur langa og viðtæka reynslu af stjórnunarstörfum, auk þess að hafa um árabíl starfað sem hjúkrunarfræðingur. Frá árinu 2000 hefur hún sinnt ýmsum stjórnunarstörfum innan heilbrigðiskerfisins. Árið 2019 tók hún við starfi framkvæmdastjóra meðferðarsviðs Landspítala þar til hún var sett tímabundið í embætti forstjóra Landspítala haustið 2021.

Góð veiði búin að vera haustið 2023

Síðasti pistill ársins 2023 og þar sem hann er í desember þá er sá mánuður nú iðulega frekar rólegur varðandi sjósókn.

Fyrir jólin komu allir togararnir og frystitogararnir í land og eru þeir allir stopp núna fram yfir áramótin.

Lítum aðeins á togarana. Baldvin Njálsson GK kom með 753 tonn til Hafnarfjarðar og ufsi uppistaðan í aflanum eða 311 tonn, Þorskur var 272 tonn, Tómas Þorvaldsson GK kom með 479 tonn og var uppistaðan í aflanum þorskur eða 304 tonn, kom líka til Hafnarfjarðar.

Hjá ísfiskstogurunum var Sóley Sigurjóns GK kominn með 278 tonn í tveimur löndunum, Pálína Þórunn GK 195 tonn í þremur, Áskell ÞH 189 tonn í þremur, Vörður ÞH 173 tonn í þremur, Jóhanna Gísladóttir GK 149 tonn í þremur og Sturla GK 131 tonn í þremur. Allir lönduðu að mestu í Hafnarfirði.

Dragnótabátunum gekk nokkuð vel fram til jóla en veiðar í Faxaflóanum, eða Bugtinni, hættu um miðjan desember og því fóru systurbátarnir ekki marga róðra í desember. Siggí Bjarna GK með 29,5 tonn í sex róðrum og Benni Sæm GK með 55 tonn í fimm. Sigurfarí GK fór í tíu róðra og var með 82 tonn, mest 27 tonn í einni löndun.

Frekar rólegt var hjá netabátunum. Friðrik Sigurðsson ÁR var með 67 tonn í tíu róðrum og Hraunsvík GK 15 tonn í aðeins



þremur róðrum. Landað í Hafnarfirði.

Það voru nokkrir færabátar sem réru til jóla og meira að segja fóru tveir færabátar út frá Sandgerði annan í jolum; Dímon GK og Agla ÁR. Gekk þeim báðum nokkuð vel, hvor var með í kringum 1.200 kíló sem er nú nokkuð gott miðað við svona seint í desember. Dímon GK er kominn með um tæp 5 tonn í desember í fjórum róðrum. Agla ÁR kominn með um 2 tonn í tveimur og Guðrún GK komin með 3,5 tonn í tveimur.

Þegar þessi pistill er skrifaður eru ansi margir línubátar á sjó rétt utan við Sandgerði en fyrir jólin var veiðin hjá bátunum nokkuð góð. Lítum á nokkra. Margrét GK með 91 tonn í níu róðrum og mest 13 tonn, Sævík GK 71 tonn í átta og mest 12 tonn, Óli á Stað GK 64 tonn í átta og mest 11,5 tonn, Dúddi Gísla GK 69 tonn í níu og mest 11,1 tonn, Daðey GK 33 tonn í fimm og mest 8,9 tonn, Katrín GK 15,5 tonn í tveimur og mest

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



7,8 tonn, Geirfugl GK 13,5 tonn í þremur og Hulda GK 5,1 tonn í einum.

Tveir bátar frá Einhamri eru í Ólafsvík. Gísli Súrsson GK sem er með 107 tonn í tíu og mest 12,6 tonn og Auður Vésteins SU sem er með 104 tonn í tíu og mest 14,7 tonn. Vésteinn GK er ennþá fyrir austan og hefur landað 87 tonnum í fimm róðrum og mest 19 tonn í einni löndun.

Þar sem þetta er síðasti pistill ársins 2023 vil ég óska lesendum Víkurfrétta og þessara pistla mína gleðilegra jóla og gleðilegs nýs árs.

En árið 2024 byrjar eins og öll önnur ár á vetrarvertíðinni 2024 og miðað við hversu góð veiði var núna um haustið 2023 má alveg búast við því að veiðin verði góð á vertíðinni 2024 – og við munum sjá Erling KE fara á veiðar líka.

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bílaveiðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Við getum
ekki án
þeirra verið!

Salan er hafin
um allt land

Nánar á flugeldar.is

Héldu yndisleg jól í Grindavík og gistu þar

„Mikilvægt að Grindvíkingar geti flutt sem fyrst aftur til Grindavíkur,“ segir Gunnar Már Gunnarsson.

Gunnar Már Gunnarsson og fjölskylda hans úr Grindavík biðu ekki boðanna og fluttu til Grindavíkur á Þorláksmessu. Fjölskyldan fyllti þrjá bíla af jólaskrauti, gjöfum og aðföngum og hélt jól sem þau munu líklega alltaf minnst með mikilli hlýju.

GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Það var ekki mikill vafi í huga fjölskyldunnar að halda jólin í Grindavík. „Það var gefið út þann 22. desember, að okkur yrði gert kleift að gista í Grindavík yfir jólin. Sem betur fer vorum við búin að koma okkur vel fyrir hjá Súsönnu dóttur okkar í íbúð hennar að Ásbrú en svo tókum við umræðuna saman fjölskyldan. Það var í raun Tinna dóttir okkar sem var hörðust á þessu, að fara heim og sú ákvörðun var tekin þó við færum ekki fyrir en á Þorláksmessu. Dagur Ingi sonur okkar var búinn að vera hjá sinni kærustu í Reykjavík og við keyrðum á þremur bílum sem voru fullir af alls kyns jóladóti. Við skreyttum, settum jólatréið upp á aðfangadag og áttum yndisleg jól. Ég átti auðvelt með að sofna á Þorláksmessu en Sigga konan

mín var ekki alveg róleg en róaðist við að vita af slökkviliðskonunni Kristínu Björgu Ómarsdóttur ská á móti okkur. Ég held að við fjölskyldan munum alltaf muna vel eftir þessum jólum, það var æðislegt að geta haldið þau heima hjá okkur.“

Fjölskyldan hefur gist allar nætur í Grindavík frá því að það var leyft og Gunnar Már vonar að þetta sé komið til að vera. „Ég hefði viljað að allir Grindvíkingar flytji sem fyrst aftur til Grindavíkur svo lengi sem jörðin verði til friðs því þeim mun meiri tími sem líður þar til fólk fær að flytja, þeim mun meiri líkur eru á því að þau skjóti rótum annars staðar og flytji þá ekki aftur heim. Ég hef ekki trú á að það gjósi undir Grindavík en líklega mun gjósa nálægt þeim stað þar sem gaus síðast við Sundhnjúkagígana. Þess vegna er komin pressa frá Grindvíkingum að varnargarðar verði reistir sem fyrst til að verja Grindavík. Ég trúir ekki að það eigi bara að verja hitaveituna og Bláa lónið. Grindvíkingar verða rólegri ef reistur verður varnar-

garður norðan við Grindavík til að verja byggðina. Ég hef fulla trú á að ráðist verði í það verkefni um leið og vinnu við hina varnargarðana lýkur. Það er mjög mikilvægt fyrir Grindavík að atvinnulífið komist sem fyrst á fullt og að íbúar geti snúið til síns heima, þá fyrst getur eðlilegt líf hafist á ný hjá þeim Grindvíkingum sem geta og kjósa að snúa aftur til Grindavíkur.“

Gunnar Már er umboðsmaður Sjóvárs í Grindavík en þar sem starfsstöð hans á Víkurbrautinni fór illa er óvíst með framhaldið. „Ég hef getað unnið í Keflavík síðan hamfarirnar áttu sér stað en hús Verkalýðsfélags Grindavíkur þar sem ég er með skrifstofu, skemmdist mikið og er óvíst á þessari stundu hvort það verði dæmt ónýtt eða ekki. Mér var vel tekið af útibúi Sjóvárs í Reykjanesbæ og mun geta verið þar áfram. Sigga konan mínar kennari í grunnskóla Grinda víkur en búíð er að gefa út að skólaárið verði klárað í Reykjavík. Hún er í einum af þeim safnskólum sem settir voru upp og ég á ekki von á neinu öðru en



Gunnar Már Gunnarsson og fjölskylda hans úr Grindavík biðu ekki boðanna og fluttu sig til Grindavíkur á Þorláksmessu.

skólaárið verði klárað þar. Ef ekki og hægt verður að hefja skólastarf fyrir í Grindavík, verður það bara frábær bónus fyrir okkur. Það

þýðir ekkert annað en líta björtum augum til framtíðarinnar,“ sagði Gunnar Már að lokum.

FKA SUÐURNES



Í lok nóvember bauð þróunarfélagið KADECÓ félagskonum FKA Suðurnes í heimsókn til sín en um var að ræða fyrsta tengslaviðburð vetrarins. Þessar myndir voru teknar við það tækifæri.



Nýta styrkleika í fjölbreytileika samfélagsins á Suðurnesjum

Landsbyggðardeildin FKA Suðurnes var stofnuð af Fidu Abu Libdeh og Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur í nóvember árið 2021. FKA Suðurnes vill nýta þann styrkleika sem felst í fjölbreytileika samfélagsins á Suðurnesjum með því að styðja konur í að sækja fram og sameina þær til aukins sýnileika, þátttöku og tengslanets. Tilgangur FKA Suðurnesja er að sameina konur á svæðinu í því skyni að auka þátt kvenna í störfum og stjórnun auk þess að leggja áherslu á þátt kvenna í nýsköpun og eflingu tækifæra.

„Við stofnun FKA Suðurnes árið 2021 gengu 20 konur í félagið en við upphaf þriðja starfsársins á dögunum hefur þeim fjölgað í tæplega 80 félagskonur, sem er mikið gleðiefni og fögnun við áhuganum á félaginu,“ segir í frétt frá félaginu.

Ný stjórn

Aðalfundur FKA Suðurnes var haldinn í byrjun nóvember en þá var kosið í stjórn fyrir komandi starfsár. Í kjölfarið var stjórnarfundur haldinn og skipað var í hlutverk stjórnar.

Nýja stjórn FKA Suðurnes fyrir starfsárið 2023-2024 skipa:

Formaður: Fida Abu Libdeh, framkvæmdastjóri hjá GeoSilica Iceland.

Varaformaður: Guðný Birna Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Reykjanesbæjar og stjórnarkona hjá HS veitu.m

Fjáröflunarstjóri: Aðalheiður Hilmarsdóttir, atvinnu- og virkniráðgjafi hjá Reykjavíkurborg.

Fræðslustjóri: Þuríður Halldóra Aradóttir, forstöðukona hjá Visit Reykjanes.s

Gjaldkeri: Snjólaug Jakobsdóttir, verkefnastjóri fjármála og rekstrar hjá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesju.m

Ritari: Bjarnþóra Pálsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Ökukennslu 17.

Samskiptastjóri: Sveindís Guðmundsdóttir, viðskiptastjóri hjá Hvíta húsinu.

Skemmtanastjóri: Gunnhildur Pétursdóttir, landsréttarlögmaður hjá Lausnum lögmennsstofu.

Skipulagsstjóri: Hólmfríður Árnadóttir, deildarstjóri hjá Háskóla Íslands.

Viðburðarstjóri: Dominika Anna Madajczak, löggiltur þýðandi hjá Lingua.

Fyrsti tengslaviðburður vetrarins

Í lok nóvember bauð þróunarfélagið KADECÓ félagskonum FKA Suðurnes í heimsókn til sín, en um var að ræða fyrsta tengslaviðburð vetrarins. Þar fengu félagskonur að kynna einstökum verkefnum KADECÓ á svæðinu, framgangi þeirra og fólkinu á bak við verkefni. Starfsmenn Kadeco fóru vel yfir K64, sem er ný þróunaráætlun fyrir nærsvæði Keflavíkurflugvallar. Mikil umræða fór fram milli starfsmanna KADECÓ og félagskvenna varðandi þróunaráætlunina, sem felur í sér spennandi uppbyggingu á svæðinu með auknum tækifærum á fjölbreyttum atvinnuvegi.

ÚTSALA

ÚTSALA

ÚTSALA

ÚTSALA

ÚTSALA

20-70% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM

ÞÚ SÉRÐ
ÖLL
TILBOÐIN
Á BYKO.IS



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



MYNDIR ÚR STARFSEMI FJÖRHEIMA



Fjörheimar 40 ára

Fjörheimar félagsmiðstöð varð 40 ára þann 26. nóvember síðastliðinn. Dyr Fjörheima voru fyrst opnaðar í Stapa árið 1983 en ungmenni úr Njarðvírskóla auk Æskulýðsráðs Njarðvíkur settu félagsmiðstöðina á laggirnar. Fyrstu forstöðumenn Fjörheima voru þeir Kristján Jónsson og Böðvar Jónsson en við af þeim tók Berglind Bjarnadóttir, á eftir henni kom Hafþór Barði Birgisson, síðan Davíð Örn Óskarsson og nú í dag er Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðukona.

Fjörheimar fluttust síðar í byggingu 749 á Ásbrú eftir mótmæli

ungmenna bæjarins gegn þeirri hugmynd að færa starfsemi félagsmiðstöðvarinnar inn í grunnskólana. Fjörheimar stöldruðu stutt við á þeim stað en færðust fljótt í húsnæði á Hafnargötu 88 og eru þar enn í dag.

Þessi 40 ár hafa verið víðurðarík og margt hefur breyst, starfið er orðið víðtækara og fleiri verkefni ratað inn um dyr Fjörheima. Þrátt fyrir það hafa áherslur starfsins haldist þær sömu en unglíngalýðræði er og hefur alltaf verið grunnstoð Fjörheima. Þær kynslóðir sem sóttu Fjörheima hér á árum áður kalla Fjörheima oftast en ekki „skemmtistað“ og má

segja að eitthvað sé til í því. Fjörheimar eru staður fyrir ungmenni til að skemmta sér og vera í virkni í öruggu umhverfi.

Saga Fjörheima heldur áfram að skrifa sig og næsti kafli ber heitið „Fjörheimasóknin.“ Í henni felast aukin tækifæri til að auka virkni og öryggi ungmenna í Reykjanesbæ. Endurbætur eru þegar hafnar á húsakynnum Fjörheima og má búast við að félagsmiðstöðin verði ein sú flottasta á landsvísi.

Mörg spennandi verkefni eru á döfinni en það stendur meðal annars til að auka þjónustu við ungmenni og fjölga virkniurræðum í fleiri hverfum í Reykjanesbæ.



+

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, mágur og vinur,

ÁSGEIR ÞÓR TORFASON
sjómaður,
Hrauntúni 10, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 19. desember.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 4. janúar kl. 13:00.

Ragnheiður Halldórsdóttir
Halldór Ásgeirsson
Halldóra M. Halldórsdóttir Hafsteinn Hilmarsson
Hilmar Hafsteinnsson Sólrún Sigvaldadóttir
Gunnlaugur S. Hafsteinnsson Lilja Ösp Þorsteinsdóttir
Fanndís Harpa Hilmarsdóttir
Arnór Frosti Hilmarsson

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

REYNIR GUÐMANNSSON
Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 28. nóvember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðrún Reynisdóttir
Thelma Rún Birgisdóttir Trausti Örvar Jónsson
Aron Ingi Guðmundsson
Íris Reynisdóttir Benóný Benónýsson
Viktória Benónýsdóttir
Ísabella Benónýsdóttir
og Natalia Benónýsdóttir.



Fjöldmenni í skötuveislu á Réttinum

Nærsmfélagið nýtur góðs af jóla-lýsingu í Útskálakirkjugarði

Sigurður Ingvarsson í Garðinum hefur um áratugaskeið séð um að tengja jólaljós in í Útskálakirkjugarði. Fyrir þjónustuna greiðir fólk svokallað leiðisgjald. Ávallt hefur gjaldið farið til góðra málefna í nærsmfélaginu á Suðurnesjum. Styrkir eru veittir úr sjóðnum ár hvert til minningar um Sigga, son Sigurðar Ingvarssonar og Kristínar Guðmundsdóttur, sem lést ungur.

Nú hefur SI fjölskyldan fært nokkrum einstaklingum og fjölskyldum í nærsmfélaginu styrk úr sjóðnum. Fyrir á árinu styrkti sjóðurinn einnig verkefni Team Rynkeby fyrir Umhyggju, félagslangveikra barna, um 500.000 kr.



Á fjórða hundrað manns mættu í Skötuveislu á Réttinum í Reykjanesbæ á Þorláksmessu og nutu skötu og meira góðgætis undir ljúfum tónum frá Guðmundi Hermannssyni, Mumma.

„Þetta er mesti fjöldi sem hefur komið hingað í skötuveislu. Við höfum verið að byggja þetta upp á síðustu árum, þannig að þetta er ánægjulegt,“ sagði Magnús Þórisson, eigandi Réttarins. Með

honum var hans starfsfólk sem var á hlaupum við að þjónusta svo marga sem komu í skötuveisluna. Til aðstoðar var enginn annar en þekktasti veitingamaður Suðurnesjamanna, Axel Jónsson. „Það vantaði mann í feitina. Ég var tilvalin í það,“ sagði Axel sem hefur einbeitt sér að því að gera góðan skólamat fyrir nemendur undanfarinn tuttugu og fimm ár.

Árlegir nýárstónleikar Alex-öndru í Ytri-Njarðvíkurkirkju

Árlegir nýárstónleikar Alex-öndru Chernyshovu, sópran-söngkonu frá Úkraínusem hefur verið búsett hér á Íslandi í tuttugu ár, verða haldnir í Ytri-Njarðvíkurkirkju 1. janúar kl. 20:00. Þetta er sjötta árið sem Alexandra heldur nýárstónleika en allir hafa tónleikarnir verið með ákveðnu þema og blæ, að þessu sinni er það Grindavík og Grindvíkingar.

Frítt verður inn á tónleikana og allir eru velkomnir en það þarf að panta miða með því að senda tölvupóst fyrir 1. janúar á netfangið alexandradreamvoices@icloud.com Grindvíkingum er sérstaklega boðið á tónleikana. „Það er ofboðslega gaman að byrja fyrsta dag nýs árs með fallegum söng og fjölbreyttri tónlist á nýárs-tónleikum og því vil ég gera þessa tónleika aftur og aftur, vonandi hefur mér tekist að búa til hefð hér í Reykjanesbæ.“

Tónleikarnir fara fram í Ytri-Njarðvíkurkirkju einsog undanfarin ár. „Ytri-Njarðvíkurkirkja er með ofboðslega fallegan og fagran hljóm, svo hún varð fyrir valinu fyrir tónleikana að þessu sinni. Einn af bestu píanóleikurum landsins, Kjartan Valdimarsson

spilar á píanó á tónleikunum og gestur verður fjölhæfur tónlistarmaður frá Grindavík, Sigurbjörn Daði Dagbjartsson. „Ég kynntist Sibba & eins og hann kallar sig, í fyrra þegar hann vildi fá mig til að syngja lag sem hann samdi. Það kom ekki neitt út úr því en við höfum haldið sambandi og ætlum okkur að gefa út nýtt lag saman. Hann átti hugmyndina að því, vill gera lag í anda Barcelona sem Freddy Mercury gerði með Montserrat Caballé og við ætlum einmitt að flytja það á þessum tónleikum. Þá mun söngnemendi minn úr Söngskóla Alexöndru, Elma Rún Heiðudóttir syngja eitt lag en hún er mjög efnileg stúlka sem ég er viss um að muni ná langt og svo verður leynigestur líka. Annað á efnisskránni er svo óperuperlur úr þekktum óperum og frumsömdum óperum sem ég flutti með Kjartani í Hannesarholti í október 2023 í tilefni þess að tuttugu ár voru síðan ég flutti til Íslands. Mér þykir mjög vænt um Ísland, sérstaklega um bæinn minn, Reykjanesbæ, sem heldur einmitt upp á 30 ára afmæli sitt árið 2024. Ég ákvað að hafa frítt inn tónleikana í ár og vona að sem flestir mæti, ég hlakka mikið til.“ Alexandra að lokum.



Geimfararnir lenda geimfari sínu í Hafnarfirði laugardagskvöldið 30. desember



Grindvíska hljómsveitin Geimfararnir var stofnuð um áramótin '97/'98. Hljómsveitin átti að leika á þremur dansleikjum á Hafurbirninum sáluga en hér eru félagarnir ennþá, að fara halda áramótaball sitt í 26. skipti. Undanfarin ár hefur ballið verið haldið á Salthúsinu í Grindavík en hugsanlega verður aldrei aftur haldið ball þar, svo illa fór Salthús Láka í jarðhræringunum að undanfögnu. Allt útlit var því fyrir að ekkert Geimfaraball yrði en félagarnir ætla sér að halda hefðinni lifandi og stuðla að samveru og samkennd sveitunga sinna, og munu halda ballið í Ölhúsinu í Hafnarfirði laugardagskvöldið 30. desember.

Það var trymbilinn Guðmundur Jónsson sem kveikti á þessari hugmynd með skilaboðum á félagasína á Messenger fimmtánda nóvember, fimm dögum eftir að

Grindvíkingar þurftu að yfirgefa bæinn. „Sælir félagar. Skelfilegir tímar hjá okkur og vonandi kemst lífið í rétt horf hjá okkur sem fyrst. Merkilegt nokk þá er ég ennþá til í að taka ball milli jóla og áramóta, veit ekki hvar þið standið varðandi það en kannski væri það bara gott fyrir okkur að taka eitt ball. Mér var að detta í hug hvort við ættum að heyra í Ölhúsinu í Hafnarfirði og tékka hvort þeir vilji leyfa Grindvíkingum að koma saman á hörku balli. Þetta er bara hugmynd, hvað finnst ykkur?“

Það er skemmst frá því að segja að aðrir Geimfarar voru heldur betur klárir í slaginn. Gummi Jayster eins og hann er oft kallaður, segir að Geimfararnir verði klárir þann 30. desember. „Þetta voru og eru vægast sagt skrytnir tímar sem við Grindvíkingar erum að upplifa og mér fannst þetta nánast vera skylda okkar Geimfara, að

stuðla að hittingi sveitunga og hafa gaman eitt kvöld. Þessi böll okkar hafa í gegnum tíðina verið fastur liður í jóla- og áramótahaldi Grindvíkinga, þar sem brottfluttir hafa þyrpst í bæinn, hitt gamla félagi og dansað við tónlist Geimfaranna. Nú hafa þessir sömu aðilar heldur betur tækifæri á að halda því áfram, þurfa bara ekki að fara eins langt. Flestir Grindvíkingar búa á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna ákváðum við að halda ballið þar en við höfum verið spurðir hvort við ætlum ekki líka að spila annars staðar. Við ætlum bara að halda eitt stórt ball en munum skoða að bjóða upp á rútuféðir ef áhugi er fyrir hendi. Eitt er ljóst að við lofum gamla, góða Geimfarastuðinu á þessu balli á Ölhúsinu laugardagskvöldið 30. desember.“ sagði The Jayster að lokum.

**Gleðilega hátíð og farsælt nýtt ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.**



Körffuboltaævintýri keflvískrar fjölskyldu á Tenerife

Tækifæri tengd körffubolta hefur leitt keflvíska stórfjölskyldu á vit nýrra ævintýra í öðru landi. Hjónin Sylvia Færseth og Guðjón Vilhelm fylldu Ásdís Lilju, fimmtán ára dóttur sinni sem fékk boð um að æfa körffubolta á eyjunni Tenerife og tóku yngri son sinn með sér.

Hvar eruð þið fjölskyldan eða hluti af henni núna?

Við búum í höfuðborg Tenerife Santa Cruz ásamt honum Þór yngsta guttanum okkar, Ásdís Lilja býr í litlum bæ rétt fyrir utan Santa Cruz sem heitir San Andrés.

Hvernig kom það til að þið fluttuð út?

Ásdís Lilja fór æfingaferð til Tenerife ásamt liðsfélögum sínum hjá Körffuknattleiksdeild Keflavíkur í sumar, þau æfðu og kepptu með liðum hér í Santa Cruz. Síðan í lok september hafði liðið CB Tenerife Central samband við okkur og vildu kanna hvort hún hefði áhuga á því að koma til Tenerife til þess að æfa og spila körffubolta með þeim núna í vetur. Þetta var einstakt tækifæri sem ekki öllum býst og Ásdís vildi alls ekki láta þetta framhjá sér fara. Guðjón flaug út með stelpunni í byrjun október og áætlaði að vera með henni fyrstu vikuna. Þrátt fyrir að allt hafi farið vel af stað og okkur leið vel með

þær aðstæður sem Ásdís var í, átti mamman erfitt með að skilja stelpuna eftir á framandi slóðum.

Ég stakk uppá því að hann myndi framlengja um nokkra daga, það þurfti ekki að snúa mikið upp á hendina á Guðjóni sem framlengdi en nokkrum dögum seinna vorum við búinn að leigja húsnæði fyrir veturinn. Ég og yngsti guttinn okkar Þór, vorum komin út um tveimur vikum seinna.

Við sáum þetta sem kjörið tækifæri fyrir okkur og yngsta guttann til að læra nýtt tungumál og að kynnast nýrri menningu. Okkar vinna er þannig að við getum unnið hana þar sem er nettenging og símsamband. Þannig að þetta var svona „af hverju ekki?“ skyndi-ákvörðun.

Hvernig gengur ungu dómuni í körffuboltanum og hvernig eru aðstæður?

Ásdís Lilju gengur vel og er mjög einbeitt á að stunda körffuboltann hérna úti, enda körffubolti

verið eitt af hennar aðaláhugamálum frá því hún fór á sína fyrstu æfingu hjá Keflavík.

Það hefur verið tekið vel á móti henni hérna úti á öllum stöðum og henni líður mjög vel á æfingum. Hún æfir á hverjum degi og planið hennar sett upp bæði sem liðsæfingar, styrktaræfingar og einstaklingsæfingar sem bæta hana í þeim þáttum sem hún þarf að bæta. Hún æfir með stelpum sem eru ári eldri en hún fengið að mæta á æfingar með meistaraflokki félagsins líka sem henni finnst mjög skemmtilegt.

Það er mikið keppt hérna úti. Tvennskonar keppni er í gangi. Ein sem fer fram innan eyjunnar og síðan önnur sem er á milli eyjanna. Þannig að hún hefur ferðast mikið og er það frábær upplifun. Það fer mikill tími í körffuboltann hérna úti sem er frábært, það var nákvæmlega það sem hún vildi. Lífið hennar er skóli og körffubolti, það er ekki mikill frítími hjá henni en þegar hann er þá nýtir hún hann til að slaka á í sólinni.

Hvað er körffubolti stór íþróttagrein þarna úti?

Ég veit að þetta er önnur stærsta íþróttagreinin sem er stunduð hér. Einnig við fyrstu sýn þá virðist þetta vera frekar stórt því það eru mörg félagslið bæði á Tenerife og eyjunum hér í kring. Sem dæmi keppir Ásdís Lilja 1-2 leiki hverja helgi, bæði innan Tenerife og á eyjunum hér í kring m.a. gegn núverandi Spánverjameisturum frá Grand Canaria.

Nokkur meistaraflokkslið á eyjunum keppa í efstu deild á Spáni og eins og flestir vita þá er spænska deildin mjög sterk. Eyjarnar eiga marga landsliðsmenn og konur bæði í yngri flokkum og elstu flokkunum.

Hvernig hafði þið komið ykkur fyrir og hvernig gekk það?

Þetta gekk allt mjög hratt fyrir sig en við erum svo heppin að eiga

”

... Kerfið hérna úti er ekki orðið eins rafrænt eins og heima og einnig er ætlast til að það sé töluð spænska þegar mætt er á opinberar stofnanir hérna í Santa Cruz. Þannig að hafa Mauri hefur verið ...



Þór er mjög ánægður í nýja skólanum.



Ev.: Ásdís, Sylvia, Þór og Guðjón Vilhelm.

hana Lidia Mirchandi Villar að, en hún er þjálfari hjá Körffuknattleiksdeild Keflavíkur. Hún er fædd og uppalin hér í Santa Cruz og hún veitti okkur ómentanlega aðstoð við að finna íbúð, skóla, tryggingar og alla þessa grunnþætti sem við þurftum, meira að segja systur hennar eru tilbúnar ef það er eitthvað sem okkur vantar. Einnig hefur Mauri sem er þjálfari Ásdísar hérna úti verið okkur innan handar og farið með okkur í alla pappírsvinnuna á opinberum stofnunum. Kerfið hérna úti er ekki orðið eins rafrænt eins og heima og einnig er ætlast til að það sé töluð spænska þegar mætt er á opinberar stofnanir hérna í Santa Cruz. Þannig að hafa Mauri hefur verið frábært fyrir okkur sem erum að reyna að klöngrast í gegnum Duolingo til að læra spænskuna. Þetta hefur allt gengið eins og í sögu þar sem við höfum verið heppin og fengið aðstoð í hverju skrefi sem við höfum þurft að taka.

Hvað með skóla fyrir börnin?

Ásdís býr á skólavist og stundar nám hérna rétt fyrir utan Santa Cruz í litlum fiskibæ sem heitir San Andrés, einnig býr hún þar um helgar heima hjá þjálfaranum sínum, konunni hans og litla tveggja ára syni þeirra Emanuel, sem hefur tekið Ásdís eins og systur. Hann spyr mikið um hana þegar hún er á skólavistinni. Við vildum alls ekki skemma þessa lífsreynslu fyrir henni, að takast á við nýjar aðstæður, bara vera til staðar nálægt ef hún þyrfti á okkur að halda. Þannig að ákveðið var þegar við fluttum að þetta fyrirkomulag hjá henni myndi halda þó við værum flutt út. Hún kíkir oft á okkur og gistir eina og eina nótt. Í skólanum hennar er eingöngu töluð spænska þannig að þetta hefur ekki alltaf verið auðvelt en hún hefur tæklað þetta með jákvæðu hugafari og er enn með bros á vör. Spænskan er smám saman að koma hjá henni.

Þór er í skóla sem heitir Luther King og er staðsettur í La Laguna sem er bær hér rétt fyrir ofan Santa Cruz. Lidia benti okkur á þennan skóla og eftir að hafa skoðað hann

leist okkur mjög vel á hann. Í skólanum er lögð áhersla á tungumál og enska mikið töluð. Við sáum það sem frábæran kost því Þór talar ensku og þetta hefur hjálpað honum strax frá fyrsta degi. Hann fær líka auka kennslu í spænsku í skólanum sem er sett upp fyrir börn með annað móðurmál en spænsku.

Við fórum með honum að skoða skólann áður en hann byrjaði, eitt af því sem við þurftum að gera var að kaupa skólabúningana, það eru sem sagt tvö sett af fötum, annað sem notað er á dögum þegar íþróttir eru á dagskránni sem samsett er af bol og stuttbuxum en þegar heitfengi drengurinn okkar sá formlega búninginn féllust honum hendur, hann horfði á síðbuxurnar, bolinn, peysuna og brúnu leðurskóna og sagði bara: „Ég kafna úr hita“, enda einn af þeim sem vill helst fara út í stuttbuxum í frostinu heima á Íslandi.

Með fiðring í maganum fór hann í skólann fyrsta daginn í nýja skólabúningnum en kom svo skælbrotsandi heim og sagði okkur að dagurinn hefði verið frábær. Hann var strax búinn að kynnast nýjum vinum þar sem þau tala mörg ensku. Svona hefur hver dagur verið hjá honum, námið er sett skemmtilega upp með mikilli útiveru og hreyfingu sem hentar okkar manni vel. Eftir skóla fer hann á körffuboltaæfingar á skólalóðinni en æfingarnar fara fram utandyra. Dagarnir hans eru mjög langir. Hann fer héðan kl. 07:00 að morgni með skólarútinni og er sóttur kl. 18:30 á æfingarnar, en það hefur engin áhrif á hann þar sem honum finnst mjög skemmtilegt í skólanum og hlakkar til að fara á hverjum degi í skólann.

Hvað ætlið þið að vera lengi þarna úti?

Við höfum ekki planað lengra fram í tímann en fram í júní, við tökum þetta ferðalag bara dag fyrir dag. Eins og staðan er núna erum við alsæl með þessa ákvörðun, borgin er frábær og öllum líður vel hérna í sólinni.

Hvernig verða jólin í ár?

Þegar Ásdís fékk samninginn þá vissum við fljótt að hún kæmist ekki heim um jólin og þá fórum við strax í það að leita eftir húsnæði til að halda upp á jólin á Tenerife. Við heldur betur fundum það, eina breytingin var að leigutíminn fór frá einum mánuði í átta mánuði.

Tvær elstu stelpurnar okkar verða að vinna um jólin heima á Íslandi en þau tvö sem ekki eru að vinna koma út til okkar með íslenskan jólamat sem er auðvita ómissandi um jólin. Það hefur verið skrítið síðustu daga að sitja hérna úti í 25 gráðu hita og hlusta á jólalögin sem óma um allt núna. Við erum staðráðin í því að halda gleðileg jól hérna á Tenerife.“



Ásdís á æfingu.

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Menningar- og þjónustusvið - Starfsmaður á bókasafn

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



KEFLVÍKINGAR!

FRÁBÆRU FLUGELDANA

FÆRÐU HJÁ OKKUR!



K-HÚSIÐ

HRINGBRAUT 108
KEFLAVÍK

OPIÐ:

28. des 16–22

29. des 14–22

30. des 12–22

31. des 10–16

6. jan 13–14



STYÐJUM OKKAR LIÐ ÁFRAM KEFLAVÍK!

Ég er búin að bæta mig miklu meira hér en nokkurn tíma áður

Helena Rafnsdóttir var einn lykilleikmanna kvennaliðs Njarðvíkur þegar liðið varð Íslandsmeistari í körfuknattleik fyrir tveimur árum. Eftir það tímabil hélt hún út til Bandaríkjanna þar sem hún stundar nám í háskóla í Jacksonville í Florida samhliða því að spila með körfuboltaliði skólans. Víkurfréttir slógu á þráðinn til Helenu skömmu fyrir jóla og fengu að heyra hvernig hún hefði það þarna úti.



„Ég hef það mjög fint. Þetta er allt öðruvísi en heima en hefur sína kosti og galla finnst mér, ég er allavega að fíla þetta mjög vel.

Þetta er náttúrulega allt annar heimur fyrir þig, bæði námslega en kannski fyrst og fremst sem afreksmanneskja í íþróttum. Hvernig er þetta?

„Maður sér ekki muninn fyrir en maður kemur í þetta umhverfi. „Standardinn“ hér er svo miklu hærri, heima geta þjálfarar ekki verið með þennan „standard“ en hérna úti eru þeir í fullri vinnu. Þetta er í raun og veru smá atvinnumennska. Æfingar eru allt öðruvísi, maður þarf alltaf að vera hundrað prósent til í hvað sem er.“

En þú þarft á sama tíma að skila árangri í náminu.

„Já, það er líka pressa á því. Það er alveg flókið að blanda þessu tvennu saman en ef maður er skipulagður og sinnir báðu virkar það alveg. Við æfum frá ellefu til þrjú en stundum mætir maður klukkutíma fyrir ef maður þarf að fara í einhverja meðferð. Svo höfum við þurft að ferðast rosalega mikið upp á síðkastið í allskonar leiki, sem er líka gaman.

Við fórum upp til Gonzaga fyrir nokkrum vikum, sem er í Washington-fylki á vesturströndinni. Þá þurftum við að fljúga fyrst í fjóra og hálfan tíma og svo í tvo – þetta var bara eins og að fara heim. Svo



Lífið í Florida er ekki eintómt puð og púl. Það þarf líka að gefa sér tíma til að njóta.



„Ég held að sama hvert þú farir í raun og veru þú munt þú bæta þinn leik ...“

förum við niður til USF [University of South Florida], sem er ekkert mjög langt frá okkur, við fórum þangað með rútu sem tók um fimm tíma. Annars fljúgum við í þessa lengri leiki.“

Hvernig gengur námið?

„Það gengur mjög vel. Þessi önn var mjög krefjandi af því að ég skipti alveg um námsbraut. Þannig að ég þurfti að taka mjög marga aukaáfangi. Ég er búin með hana núna þannig að ég get farið að fókusa alveg á körfuna [viðtalið var tekið strax eftir prófin hjá Helenu]. Við erum að keppa 20. og 29. desember, fáum frí frá 21. og erum á æfingu þann 26. þannig að það tekur því ekki að fara heim. Fjölskyldan mín ætla að koma og verja jóluþing með mér hérna, þau koma þann 21. og verða fram yfir áramót, til sjötta janúar – þau verða mjög lengi, sem er alveg geggjað.“

Námið gengur vel hjá Helenu sem er í neringarfræði og stefnir á mastersnám í matvælafræði, að öllum líkindum heima á Íslandi.

„Þetta eru fjögur ár í heildina hér úti. Fyrsta árið er svolítið eins og blanda af síðasta ári í framhaldsskóla og háskóla, síðustu þrjú árin eru svo eins og háskólanám svo núna er ég alveg á háskólastigi. Ég er í neringarfræði og svo er planið að taka master einhvers staðar, líklega heima, í matvælafræði.“

VF ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Mikill aðstöðumunur

Fylgist þú eitthvað með körfunni hérna heima, hvernig stelpunum gengur?

„Já, ég fylgist með inn á milli en ég get ekki sagt að ég horfi á hvern einasta leik – ég hef ekki tíma í það en væri alveg til í það. Ég les körfuboltafréttir að heiman og reyni helst að fylgjast með Njarðvík, svo horfi ég á Körfuboltakvöld þegar ég get.“

Það er munur á áhorfendafjölda á karla- og kvennaleikjum, það á örugglega alltaf eftir að vera þannig, en fyrir utan það þá erum við jafnvel að fá betra utanumhald heldur en strákarinnir. Það er löggó gríðarlega mikil áhersla á kvennakörfuna hérna og algert jafnræði.

Þegar ég fór út fannst mér þetta vera að lagast hjá Njarðvík og ástandið þar vera orðið fint, sérstaklega síðustu tvö árin, en það er svakalegur munur á stöðunni hér úti og heima.“

Helena leggur áherslu á að henni finnst félögin vera að gera vel fyrir bæði karla og konur en henni finnst sérsamböndin vera eftir á í þessum málum.

Hvernig er það með landsliðsmál, fylgjast landsliðsþjálfarar með ykkur krökkunum sem eruð úti í háskólaboltanum?

„Sko, ég veit það ekki en ég myndi halda það því það er orðið svo algengt núna að fólk sé að fara út í nám. Ég sé alveg rosalega marga, nánast bara alla, vera að skrifa undir hjá umboðsmönnum og reyna að komast út. Ég held að þetta sé þróunin, ég er búin að bæta mig miklu meira áður. Þetta er allt öðruvísi, hér er mikið fókuserað á smáatriði og ef maður gerir eitthvað rangt er farið að vinna í því um leið. Heima eru æfingar fjálsari en hérna er þetta allt í fastari skorðum. Ég held að sama hvert þú farir í raun og veru



Helena á fullri ferð í úrslitaleik Íslandsmeistarinnar í körfuknattleik kvenna fyrir tveimur árum.

þá munt þú bæta þinn leik. Þannig að ég myndi halda að landsliðsþjálfarinn sé að fylgjast með – en ég veit það ekki. Þú þarft auðvitað alltaf að sanna þig en á meðan maður er í þessu námi þá getum við ekki tekið þátt í landsliðsverkefnum, við erum sjálf að keppa og svo eru það prófin og allt það.“

Hvað er svo planið næsta sumar, ætlarðu bara að koma heim og vinna?

„Ég kem bara heim í einhverjar sex vikur. Við fáum að fara heim eftir lokaprófin og svo þarf ég að vera mætt aftur í lok júní. Ég fæ svo aftur að fara heim í byrjun ágúst í tveir vikur en svo er ég farin alveg aftur út. Þetta er því ekkert rosalegt sumarfrí en ætli ég vinni ekki eitthvað og svo verð ég að æfa mikið sjálf og eitthvað að mæta á æfingar hjá Rúnari [Inga Erlings-syni, þjálfara Njarðvíkur]. Svo kem

ég hingað út og það fer allt á fullt. Á sumrin er mjög mikil áhersla lögð á hlaup, þol og lyftingar. Meira en körfuboltaahliðina.

Ég hef aldrei upplifað svona. Við fórum í hlaupapróf í byrjun september og ef þú nærð því ekki í fyrstu atrennu þá heldur þú áfram þar til þú nærð því. Í ár var þetta öðruvísi. Þá hlupum við fjórum sinnum þrjú hundruð metra á hlaupbraut en venjulega er þetta gert á velli, þá þarf maður alltaf að vera að snúa við, þá á maður að ná að hlaupa þrjú hundruð metra á mínútu og færð mínútu hvíld milli ferða. Við fengum nýtt þjálfarteymi í vor og þeir gerðu þetta hlaupapróf á hlaupbraut svo það er væntanlega aðeins auðveldara. Ég hef aldrei farið í svona erfið hlaupapróf – en maður er náttúrulega í geggjuðu formi eftir á. Það er auðvitað tilgangurinn með þessu,“ segir Helena að lokum og hlær.



Helena og félagar fagna eftir sigurleik.



Mynd: Facebook/ÍSTÖ Sundróðs ÍRB

Núna er ég bara að hugsa um sund

– segir hinn sautján ára gamli sundkappi Guðmundur Leo Rafnsson en árið 2023 gekk framur vonum hjá honum. Guðmundur tók þátt í stórum mótum eins og Smáþjóðaleikunum, Evrópumóti unglunga og Norðurlandamótinu og stóð sig frábærlega á þeim öllum.

Skemmtilegast í einstaklingsíþrótt

Hvað ertu búinn að æfa sund lengi?

„Alveg í góð tólf, þrettán ár. Ég var í smá tíma í körfubolta líka en sundið á betur við mig, mér finnst miklu skemmtilegra að vera í einstaklingsíþrótt.“

Það er búinn að vera góður stígangandi í sundinu hjá Guðmundi og aðspurður um framhaldið segir hann að markmiðið sé að gera enn betur.

Hversu langt geta sundmenn náð?

„Eigum við ekki bara að komast á því á næstunni,“ segir Guðmundur kokhraustur.

Guðmundur hefur tekið þátt í Smáþjóðaleikunum, Evrópumóti unglunga og nú síðast Norðurlandamótinu á þessu ári. Á Smáþjóðaleikunum í byrjun sumars sló hann sex ára gamalt met í 4 x 100 metra fjórundi karla með karlasveit Íslands og Guðmundur gerði enn betur á Norðurlandamótinu þar sem hann setti Norðurlandamet í 200 metra baksundi og bætti tíma sinn um tæpa sekúndu þegar hann synti á tímanum 1:57,33. Guðmundur var einnig í sveit Íslands sem hafnaði í fimmta sæti í 4 x 200 metra skriðsundi á Norðurlandamótinu.

„Það var frábær tilfinning. Það gekk allt upp hjá mér. Við vorum fjögur á Norðurlandamótinu frá ÍRB; ég, Fannar, Eva og Sunneva. Mjög góður hópur, góðir félagar og góðir sundmenn,“ segir hann.

Hverjar eru þínar sterkustu greinar?

„Það eru 100 og 200 metra baksund og svo er 100 metra skriðsund búið að vera að koma inn núna upp á síðkastið. Þannig að ég held að það séu þessar þrjár greinar sem eru bestar hjá mér en 200 bak er sú sterkasta af þessum sterkustu,“ segir Guðmundur sem hefur þegar sett stefnuna á Ólympíuleikana 2028.

Samkeppnin er skemmtileg

Er ekki mikil samkeppnin innan liðsins þegar þið eruð jafnvel að keppa gegn hvort öðru?

„Jú, við erum oft að keppa saman. Það er það skemmtilega við þetta, að fá að keppa við vini og yta hverju öðru áfram. Þetta er alltaf á góðu nótunum.“

Guðmundur er á öðru ári í FS og segist vera að skoða ýmsa möguleika með framhaldi hjá sér.

„Ég er að skoða ýmsa valmöguleika, hvort ég fari út í nám eða út að æfa, eða fara út í skóla og æfa. Það er verið að skoða þetta allt en ég er ekki viss ennþá hvað ég ætla að læra. Núna er ég bara að hugsa um sund en ég mun finna út úr þessu.“

Byðst ekki fólki eins og þér ekki styrkur út á sundið?

„Jú, allan daginn. Það er frábært að íþróttamenn geti farið í skóla og fengið það borgað út á íþróttina. Það er örugglega sérstök reynsla að fara þannig út í nám, eitthvað sem maður upplifir ekki tvisvar,“ segir Guðmundur.

1X2 „ÞRUMAÐ Á ÞRETTÁN“

Suðurnesjabæjarslagur

Í fyrsta skipti í tipleik Víkurfréttanna í vetur, þurfti að útkljá úrslitin með spílaskokki en þeir Jón Ásgeir Þorkelsson og áskorandi hans, Grétar Ólafur Hjartarson, voru hnífjafnir með átta leiki rétta og öll úrskurðartrixin í reglugerðarbókinni voru uppurin, fyrir utan að draga hæsta spilið. Grétar dró spaðadrottningu á móti tígulsexu Jóns sem þar með hefur þá lokið leik og er honum þakkað fyrir þátttökuna og aftur þakkað fyrir að eiga hugmyndina af því að endurvekja þennan lið.

Enginn Íslendingur náði þrettán réttum en alls náðu 69 tipparar í Skandinavíu að bæta tæpum sex milljónum inn á bankareikninginn sinn. Nítján íslenskir tipparar af 2009 náðu tólf réttum og fá í sinn hlut tæpar 47 þúsund krónur.

Segja má að Suðurnesjabær hafi tvisvar sinnum farið á hvolf í sumar þegar Reynir og Víðir mættust á knattspyrnuvellið. Þar sem Grétar Sandgerðingur vann um síðustu helgi gefst tækifæri á að yfa rígin upp en Garðbúinn og Víðiskonan Guðlaug Sigurðardóttir, eða Gullý eins og hún er jafnan kölluð, verður næsti áskorandi.

Gullý var um tíma í stjórn KSÍ og hefur oft verið með puttana í starfi Víðis, henni líst vel á að rifja upp tippaktana. „Ég hef alltaf haldið með Liverpool og er vongóð um að við tökum titilinn í ár, Klopparinn er með þetta. Ég var ung þegar ég byrjaði að fylgjast með fótbolta og þeim enska, pabbi heldur með Liverpool svo það var fljótt ljóst með hverjum ég myndi halda. Við hjónin eigum þrjá syni, sá elsti er Pool-ari en þar sem pabbinn er Man Utd-aðdáandi, náði hann þeim tveimur yngri. Ég hlakka til slagsins við Grétar og kannski athyglisvert að þetta er bæði slagur milli Víðis og Reynis og Liverpool og Man Utd. Ég tippaði talsvert hér áður fyrr en hef ekki verið dugleg að undanförunu en eigum við ekki að segja að þetta hreyfi við mér og ég byrji aftur. Þar sem Víðir er stærra félag en Reynir og þar sem Liverpool er stærri klúbbur en Manchester United hef ég fulla trú á að ég muni hafa betur á móti Grétari,“ sagði Gullý.

Grétar segir að alltaf sé gaman þegar Reynir og Víðir mætist, sama hvort það sé inni á knattspyrnuvellið eða í svona tipleik. „Víðir er og verður alltaf litli bróðir Reynis, alveg eins og Liverpool mun alltaf verði minni klúbbur en Manchester United, það þarf

ekkert að rökraða það neitt frekar. Út frá þessum staðreyndum hef ég fulla trú á að ég muni hafa betur á laugardaginn. Ég fylgdist spennur með þegar við Jón Ásgeir mættumst, mér sýndist ég hafa unnið hann en svo breyttust ein úrslitin og því þurfti að kasta upp á þau. Það mátti skera andrúmsloftið með brauðhníf, svo mikil var spennan þegar við Jón mættum á skrifstofu Víkurfréttanna og drögum úr spílaskokki. Mér leið nánast eins og ég væri að fara taka vítaspyrnu undir lokin í jöfnum leik, tilfinningin þegar ég sá spaðadrottninguna var á við að setja tuðruna upp í skeytin. Um leið og ég sá þá svartklæddu, vissi ég að sigurinn væri minn því Jón var ekki líklegur til að draga svo hátt spil,“ sagði Grétar.



Grétar	Seðill helgarinnar	Gullý
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Nott.Forest - Man.Utd.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Aston Villa - Burnley	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Crystal Palace - Brentford	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Man.City - Sheff.Utd.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Wolves - Everton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Fulham - Arsenal	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Tottenham - Bournemouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Juventus - Roma	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Milan - Sassuolo	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Verona - Salernitana	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Kilmarnock - Dundee FC	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Aberdeen - St.Mirren	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Hearts - Ross County	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>

FYLGIST MED Á YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJJA **magasín**



Gleðilegt ár, þökkum viðskiptin á árinu!

Lokað á gamlársgang og nýársdag.

langbest

RESTAURANT

Grýla og óvættir jólanna

Í allri eldgosumræðunni varð fréttin um Láru óþekku nánast að engu. Hvarf jafn skyndilega og hún birtist og náði sér aldrei á flug því allra hörðustu gagnrýnendur internetsins voru uppteknir við annað. Til að rifja aðeins upp þá gerði Birgitta nefnilega þau leiðinlegu mistök að kalla Láru óþekka og þar af leiðandi myndi hún fá kartöflu í skóinn. Virðingarríku for-eldrunum fannst þetta nú aðeins of langt gengið enda eiga allar tilfinningar rétt á sér. Mér varð hins vegar hugsað til æskuáranna og allra þeirra óvætta sem sveimuðu um þá, helst á kvöldin og um jólin.

Þegar ég var lítil var Grýla nefnilega yfirleitt við næsta götuhorn og hennar eina hlutverk var að bíða eftir því að ég yrði óþekkt. Og ekki nóg með það, í halarófu á eftir henni voru jólasveinarnir

hver með sína kartöfluna. Fékk samt bara eina. Þegar halarófan fór svo aftur upp til fjalla tók Björn nokkur bóndi við keflinu og var iðulega rétt ókominn á traktornum niður af Villingaholti til að sækja óþekktarormana. Hvort hann skilaði þeim aftur var svo annað mál enda var aldrei látið á það reyna. Nema jú kannski í eitt skiptið þegar við systkinin vorum farin að efast um að bóndinn væri yfir höfuð til þá fór faðir minn í gamlan ullarjakka, stígvél og setti upp eina hræðilegustu grímu sem sögur fara af. Svo barði hann að dyrum eitt dimmt kvöld í janúar. Bara svona til að minna villingana sína þrjá á sémilegu hegðunina. Ég, þá fjögurra ára, hentist yfir stofuna af hræðslu. Virðingarríkt uppeldi eða ekki, þetta svoleiðis svínvirkaði. Ég er ekki frá því að

þetta hafi einnig auðgað ímynd-unaraflíð, sem og myrkfælnina sem fylgdi mér allt upp á fullorðinsár.

„Má ekkert í dag?“ segja svo eldri kynslóðirnar. Amma, sem aldrei gerir flugu mein, sagðist hafa snúið börnunum á hvolf yfir klósettinu og hrist þau pínulítið þar til óþekktin var farin úr þeim. Þá sturtaði hún pent niður, sló saman höndum, lagaði svuntuna og hélt áfram að bardúsa við sitt. Nú í seinni tíð hefur hræðsluáróðurinn örlítið breyst og óvættirnar orðnar annars kyns. Hvað gæti svo sem haft áhrif á hátíðarnar? Veðurofsi, flugumferðarstjórar eða móðir náttúra? Vaxtahækkanir og verðbólga? Kannski banka draugar fortíðarinnar upp á hjá Skröggum og minna þá á að njóta augnabliksins?

Sama hverjar þær kunnu að vera skulum við standa keik. Standa

LOKAORD



ÍRISAR VALSDÓTTUR

saman og hjálpast að. Lítum í kringum okkur hógværum augum. Hefjum nýtt ár full þakklætis fyrir það sem við eigum og full festu til að berjast gegn óréttlæti og óvættum. Ég bíð allavega eftir því að kæri Björn setjist upp í traktorinn sinn og leggi af stað til mín, enda alveg að koma janúar. Ég ætla nefnilega að bjóða honum í kaffi, karlinum.

Gleðilegt nýtt ár!



Mundi

Nú vantar bara bæjarhlið á milli varnargarðanna og tollheimtumann við hliðið.

Grindavíkurvegur einbreiður í gegnum varnargarð



Varnargarðurinn þrengir að umferð um Grindavíkurveg. Mynd: Vegagerðin

Opnað var fyrir umferð um Grindavíkurveg fyrir íbúa Grindavíkur og viðbragðsaðila fyrir jól. Vegurinn er einbreiður í gegnum varnargarða og bílar sem koma frá Grindavík eru í rétti. Vegfarendur eru beðnir um að aka varlega og virða allar merkingar.

Vegagerðin setti upp nýjar merkingar á Grindavíkurvegi þegar hann var opnaður skömmu fyrir jól. Þar sem varnargarður nær inn á veginn er hann á kafla einbreiður. Þar hefur hámarkshraði verið lækkaður í 60 km/klst. Að svo stöddu verður varnargarðurinn ekki fjarlægður af veginum en það verður tekið til endurskoðunar á næstu dögum.

Þá var unnið að lagfæringum á Nesvegi þar sem holur hafa myndast á kaflanum við kirkju-



garðinn og golfvöllinn en miklar skemmdir urðu á þessum kafla í jarðskjálftunum.


Framkvæmdir á Suðurstrandarvegi við Festarfjall

Vegagerðin vinnur að lagfæringu og styrkingu á Suðurstrandarvegi við Festarfjall á um 800 metra kafla. Unnið er að því að setja efni utan á vegfláa að sunnanverðu til að styrkja veginn. Einnig verður

ræsi sem liggur í gegnum veginn lengt í báðar áttir. Verkið er hálfnað og áætlað að því ljúki í lok janúar 2024, ef veður leyfir.

Áður var búið að hliðra veginum um 1,5 metra og færa nær fjallinu á umræddum kafla. Var það gert til að auka umferðaröryggi vegfarenda. Vegfláinn hreyfðist til og seig í jarðskjálftunum sem urðu áður en gos hófst í Fagradalsfjalli 2021.

Til útskýringar þá er vegflái afliðandi hlið vegar.



Gleðilega hátíð og
takk fyrir samstarfið
á árinu sem er að líða

KADECO
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY